

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Skúmstaða-, Eyfakots- og Háeyrarhverfis á Eyrarbakka.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 21. október 2015 deiliskipulag Skúmstaða-, Eyfakots- og Háeyrarhverfis á Eyrarbakka.

Um er að ræða deiliskipulag á 9,5 ha svæði innan Eyrarbakka. Svæðið innan skipulagsreitsins er að stórum hluta íbúðarbyggð, en þar er einnig safnasvæðið á Eyrarbakka, með Byggðasafn Árnesinga (Húsið, Assistentahúsið, Kirkjubær) og Sjóminjasafnið, auk sjóvarnargarðsins við ströndina.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Mjólkurbúshverfis á Selfossi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 11. maí 2016 deiliskipulag Mjólkurbúshverfis á Selfossi. Deiliskipulagið nær yfir Grænumörk 1-5, Þórsmörk 1-8, Heiðmörk 1a-8 og Austurveg 51-59.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að við Austurveg verði fjölbýlishús með litlum íbúðum sem muni fjölga búsetukostum fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu. Í tengibyggingu milli Grænumarkar 5 og Austurvegar 51-53 er gert ráð fyrir þjónustu fyrir aldraða með aðkomu að norðanverðu. Markmið deiliskipulagsins er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 18. júní 2016.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.